



ÁRSSKÝRSLA 2024

VELFERÐARÞJÓNUSTA
2024

SKÓLAÞJÓNUSTA
2024 - 2025

Inngangur

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls er byggðasamlag um framkvæmd skóla- og velferðarþjónustu í eftirtöldum sveitarfélögum: Bláskógabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir heildarstarfsemi SVÁ auk þess sem teknar eru saman helstu tölulegar upplýsingar fyrir hvora deild fyrir sig. Þegar gerð er grein fyrir starfsemi velferðarþjónustu er miðað við almanaksárið 2024 en hjá skólaþjónustu er miðað við skólaárið 2024-2025.

Stjórn SVÁ

Stjórn byggðasamlagsins, fer með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar í umboði viðkomandi sveitarstjórna. Stjórnina skipa oddvitar/sveitarstjórar aðildarsveitarfélaganna:

Hulda Kristjánsdóttir, formaður, Flóahreppi
Aldís Hafsteinsdóttir, ritari, Hrunamannahreppi
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Fagnefnd SVÁ

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu er skipuð af sveitarfélögunum sem eru aðilar að Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. Nefndin fer með umboð viðkomandi sveitarstjórna um stjórn og framkvæmd skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. (SVÁ).

Fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil fagnefndar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Hver sveitarstjórn tilnefnir fulltrúa í upphafi kjörtímabils. Stjórn SVÁ skipar formann fagnefndar. Nefndarmenn eru sem hér segir:

Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður, Flóahreppi
Andrea Sif Snæbjörnsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Bjarney Vignisdóttir, Hrunamannahreppi
Steinar Sigurjónsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Trausti Hjálmarsson, Bláskógabyggð

Markmið SVÁ

- Vera leiðandi á landsvísu með framúrskarandi þjónustu sem mætir þörfum íbúa til bættra lífsgæða
- Veita markvissa og faglega skóla- og velferðarþjónustu til þess að tryggja farsæld barna og fjölskyldna
- Tryggja skilvirka og góða þjónustu með fjölbreyttum leiðum
- Vinna markvisst forvarnarstarf sem stuðlar að vellíðan íbúa með ráðgjöf og stuðningi.
- Vinna að þróun margbreytilegra úrræða með áherslu á snemmtæka íhlutun

Gildi SVÁ

Samvinna	Virðing	Áreiðanleiki
 <p>Starfsmenn SVÁ leggja áherslu á að eiga góða samvinnu og samtal við notendur þjónustunnar. Hlustað er eftir sjónarmiðum allra og jafnræðis gætt við úrvinnslu erinda</p> <p>Áhersla er lögð á gott samstarf og þverfaglega samvinnu starfsmanna þar sem styrkleikar hvers og eins fá notið sín. Lögð er áhersla á jafnrétti, velliðan og starfsánægju starfsmanna.</p>	 <p>Við tökum vel á móti öllum sem til okkar leita, kynnum okkur vel alla þætti hvers máls, vinnum skipulega og leggjum áherslu á að skila af okkur vel unnu verki. Áhersla er lögð á að hafa á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem vinnur faglega og kemur fram af virðingu</p>	 <p>Við fylgjum lögum og reglum við úrvinnslu mála, höfum skýra verkferla og gott skipulag. Við höfum markvissa skráningu mála, skjalavistun og upplýsingamiðlun. Við leggjum áherslu á að hafa góða yfirsýn yfir verkefni, stuttar boðleiðir, ljúka verkefnum tímanlega og fylgja þeim eftir.</p>



Starfsfólk SVÁ árið 2024

- Anna Stefanía Vignisdóttir, talmeinafræðingur
- Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu
- Arna Ír Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi
- Edda Sigurjónsdóttir, félagsráðgjafi hætti störfum 30. júní 2024
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, ráðgjafarþroskafjálfi
- GunnlaugHartmannsdóttir, deildarstjóri skólalþjónustu
- Harpa Hrönn Gísladóttir, talmeinafræðingur
- Heiður Eysteinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi
- Margrét Lilliendahl, þjónustufulltrúi
- Sigrún Helgadóttir, uppeldis- og kennsluráðgjafi
- Sigrún Símonardóttir, forstöðumaður heimaþjónustu
- Þóra Gréta Pálmarsdóttir, ráðgjafi, hætti störfum 31. júlí 2024

Skólaárið 2024 – 2025 var laus staða sálfræðings, ekki tókst að ráða í stöðuna þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Leitað var til verktaka til að sinna tilvísunum um greiningar og mat. Guðrún Kristófersdóttir sálfræðingur hefur sinnt þessum verkefnum í verktöku.

Íbúafjöldi á starfssvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings

Sveitarfélag	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Bláskógabyggð	1.026	1.110	1.163	1.141	1.164	1.280	1322	1362
Flóahreppur	648	650	687	690	694	708	699	726
Grímsnes- og Grafningshreppur	467	470	497	492	525	535	539	575
Hrunamannahreppur	773	780	818	822	818	874	865	914
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	594	710	609	590	576	577	591	617
Samtals	3.508	3.720	3.774	3.735	3.777	3.974	4.016	4.194

Tafla 1. Íbúafjöldi í aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings 2017-2024 (tölur miðast við 31. desember ár hvert).

Fjöldi nemenda í leik- og grunnskólum

Í september 2024 voru samanlagt 679 nemendur í leik- og grunnskólum á þjónustusvæði Skólabjónustu Árneshings, sjá töflu 2. Nemendafjöldi getur tekið breytingum innan skólaársins.

Sveitarfélag	Leik- og grunnskólar	Fjöldi nemenda	
		Skipting	Samtals
Bláskógabyggð	Leikskólinn Álfaborg	41	217
	Bláskógaskóli Laugarvatni - leikskóli	23	
	Reykholtsskóli	97	
	Bláskógaskóli Laugarvatni - grunnskóli	56	
Flóahreppur	Leikskólinn Krakkaborg	38	147
	Flóaskóli	109	
Grímsnes- og Grafningshreppur	Kerhólsskóli – leikskóli	25	80
	Kerhólsskóli – grunnskóli	55	
Hrunamannahreppur	Leikskólinn Undraland	50	141
	Flúðaskóli	91	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Leikskólinn Leikholt	42	94
	Þjórsárskóli	52	
		Samtals	679


Tafla 2: Fjöldi nemenda í leik- og grunnskólum skólaárið 2024-2025, tölur miðast við 1. október 2024

Heildarfjöldi nemenda skiptist þannig milli skólastiga að í leikskólum voru 219 nemendur og í grunnskólum 460 nemendur. Á mynd 1 má sjá hvernig sú skipting hefur verið síðan 2020.



Mynd 1. Fjöldi nemenda í leik- og grunnskólum 2020 - 2024

Heildanemendafjöldi nemenda hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Árið 2015 var fjöldi nemenda á þjónustusvæði SVÁ 554 en 679 árið 2024 og hefur nemendum í leik- og grunnskólum því fjölgað um 22,5% á því tímabili, sjá mynd 2.



Mynd 2. Fjöldi nemenda 2015 - 2024

Velferðarþjónusta Árneshvíks 2024

Velferðarþjónusta Árneshvíks starfar á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlaga nr. 80/2002, laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og laga nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga skal félagsþjónustan stuðla að fjárhagslegu og félagslegu öryggi íbúa og efla velferð þeirra á grundvelli samhjálpunar.

- Markmiðum félagsþjónustunnar skal náð með því að:
 - bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti
- tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna
- veita aðstoð þannig að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi
- grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál

Þjónusta skal veitt á sviði félagslegrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, stuðningsþjónustu og félagslegrar heimaþjónustu, auk húsnæðismála. Í allri þjónustu skal lagt áherslu á að hvetja einstaklinga til sjálfsábyrgðar og virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra, samhliða því að styrkja þá tilsjálfsþjálfun.

Samkvæmt lögum nr. 86/2021 er jafnframt lögð áhersla á samþætta og samfellda þjónustu í þágu farsældar barna, þar sem sveitarfélög bera ábyrgð á að tryggja snemmtæka, samhæfða og þverfaglega þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra í samstarfi við aðra þjónustuaðila.

Markmið velferðarþjónustu Árneshvíks

- Velferðarþjónusta Árneshvíks veitir upplýsingar, leiðbeiningar og aðstoð vegna félagslegra réttindamála og persónulegs eða félagslegs vanda. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi úrræði og hjálp til sjálfshjálpunar.
- Félagsleg ráðgjöf er veitt af virðingu og án fordóma. Áhersla er á styrkleika og virkni notenda með heildarsýn að leiðarljósi.
- Markmið barnaverndar er að tryggja að börn í óviðunandi aðstæðum fái nauðsynlega aðstoð. Stuðningur við fjölskyldur og vernd barna eru í forgrunni.
- Áhersla er lögð á gott samstarf við íbúa og stofnanir sveitarfélaganna, m.a. til að tryggja að tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum sé virt.
- Í samræmi við lög nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna er lögð áhersla á snemmtæka, samfellda og þverfaglega þjónustu í samvinnu við skóla, heilbrigðisþjónustu og aðra aðila.
- Stuðnings- og heimaþjónusta skal vera einstaklingsmiðuð og styðja aldraða til að búa sem lengst á eigin heimili.
- Heimili fatlaðs fólks byggja á hugmyndafræði sjálfstæðs lífs. Lögð er áhersla á sjálfstæði, þátttöku og félagsfærni íbúa.

Félagsleg ráðgjöf

Félagsleg ráðgjöf er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðgjöf getur verið almenn eða sérhæfð.

Markmið félagslegrar ráðgjafar er tvíþætt: Veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og veita stuðning vegna félagslegs eða persónulegs vanda.

Ráðgjöf sem stendur til boða getur m.a. falist í:

- Félagslegri ráðgjöf vegna uppeldis- og samskiptavanda, skilnaðar, forsjár- og umgengismála.
- Ráðgjöf vegna fjármála.
- Ráðgjöf vegna húsnæðismála og/eða búsetuþjónustu.
- Ráðgjöf sem tengist atvinnu og endurhæfingu.
- Sérhæfðri ráðgjöf / þjónustu vegna fatlaðra barna.

Fjöldi mála í félagslegri ráðgjöf hefur ekki verið talinn sérstaklega.

Fjárhagsaðstoð


Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt lögnum ber hverjum einstaklingi að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Sveitarfélag skal veita íbúum þjónustu og aðstoð sem miðar að því að bæta úr fjárhagsvanda eða koma í veg fyrir að fólk lendi í aðstöðu þar sem það getur ekki séð fyrir sér og sínum. Starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu vinna eftir reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð. Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þarf fjárhagsaðstoð, t.d. lág laun, atvinnuleysi eða veikindi.

Hámarksfjárhagsaðstoð til einstaklings var árið 2024 206.380 á mánuði og kr. 330.208 til hjóna eða sambúðarfólks. Aðstoðin er óháð barnafjölda, þar sem barnabætur, meðlög og barnalífeyrir eru miðaðar til að mæta kostnaði vegna barna.

Fjárhagsaðstoð skiptist í almenna framfærslu og heimildargreiðslur samkvæmt IV. kafla reglna Skóla- og velferðarþjónustunnar. Undir heimildargreiðslur fellur m.a. sérstakur stuðningur vegna barna, húsbúnaðarstyrkur, útfararstyrkur, sérfræðiaðstoð og styrkur til fyrirframgreiðslu húsaleigu. Ákvörðun um heimildargreiðslur er tekin á föstum teymisfundum velferðarþjónustunnar. Ráðgjöf vegna fjármála er veitt þegar þörf er á og alltaf þegar fólk sækir um fjárhagsaðstoð.

Fjöldi einstaklinga/heimila á fjárhagsaðstoð

Fjöldi einstaklinga/heimila sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu 2024 voru alls 14, þar af einn sem fékk námsstyrk, heildarupphæð fjárhagsaðstoðar var 5.916.204 kr af þessari upphæð voru 133.000 kr greiddar í heimildargreiðslur. Á mynd 3 má sjá heildarupphæðir og þróun fjárhagsaðstoðar frá 2020- 2024.



Mynd 3. Greidd fjárhagsaðstoð 2020-2024

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er neyðaraðstoð og þjónar sem öryggisnet þegar önnur úrræði eru ekki til staðar. Áhersla er lögð á að veita samhliða ráðgjöf og stuðning til sjálfshjálpar, þannig að viðkomandi geti sem fyrst hafið launaða vinnu, endurhæfingu eða fengið aðstoð sem hann á rétt á í öðrum bótakerfum, t.d. hjá Tryggingastofnun.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárhagsleg aðstoð við fjölskyldur og einstaklinga á leigumarkaði sem þurfa sérstakan stuðning vegna greiðslu húsaleigu umfram hefðbundnar húsnæðisbætur. Til að eiga rétt á sérstökum húsnæðisbótum þarf m.a. að vera orðin 18 ára og eiga lögheimili í umdæmi velferðarþjónustu Árnesþings. Heimilt er að veita undanþágur frá þessum skilyrðum varðandi lögheimili og leiguhúsnæði fyrir 15–17 ára börn sem leigja herbergi á heimavist eða í námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili.

Á árinu fengu 12 einstaklingar sérstakan húsnæðisstuðning, þar af 10 sem uppfylltu skilyrði styrks fyrir 15–17 ára. Heildarupphæð greiddra húsnæðisbóta nam 932.579 kr.


Stuðningsþjónusta

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er sveitarfélögum skylt skv. 26. gr. að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Stuðningsþjónusta skal veitt svæðisbundið með þeim hætti sem best hentar notanda, miðað við aðstæður á hverjum stað. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning, bæði innan og utan heimilis, samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur.

Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu, skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þjónusta samkvæmt þeim lögum kemur til viðbótar þeirri sem veitt er á grundvelli annarra laga, en ekki í stað hennar. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna stuðningsþjónustu sem nemur allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvörðun um þjónustu er tekin á grundvelli einstaklingsbundins mats á stuðningsþörf, og miðað er við að

Þjónustan sé veitt í tiltekinn fjölda klukkustunda í hverri viku. Um aukna þjónustupörf fatlaðs fólks fer samkvæmt lögum nr. 38/2018.

Sveitarfélögin veita þjónustu á dagvinnutíma, og flestir notendur fá aðstoð við þrif og reglulegt innlit á heimili. Á árinu 2024 var veitt stuðningsþjónusta á alls 86 heimilum, sem er fækkun um 7,5% frá árinu 2023. Mynd 4 sýnir fjölda heimila sem notið hafa þjónustu frá árinu 2020. Í lok árs 2024 störfuðu 20 starfsmenn við heimaþjónustu og innlit, samtals í 11,6 stöðugildum.



Mynd 4. Fjöldi einstaklinga/heimila sem fengu félagslega heimaþjónustu/innlit 2020-2024

Stoðþjónusta

Fatlað fólk nýtur þeirrar almennu þjónustu sem sveitarfélög veita. Í 3. gr. laga nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir er réttur fatlaðs fólks til þjónustu skilgreindur. Ef þörf einstaklings fyrir þjónustu eða stuðning er meiri eða sérhæfðari en hægt er að fullnægja innan almennrar þjónustu, skal veita viðbótarþjónustu (stoðþjónustu) samkvæmt lögum.

Með stoðþjónustu er átt við margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs, byggða á einstaklingsbundnum þörfum og óskum hvers notanda. Í 8. gr. laga nr. 38/2018 segir að fatlað fólk skuli eiga rétt á stoðþjónustu sem nauðsynleg er til þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónustu skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað.

Þjónustan skal miðast við eftirfarandi þarfir fatlaðs fólks:

1. Þarfir til að treysta möguleika til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku.
2. Þarfir til hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu, m.a. með viðeigandi aðlögun, svo einstaklingurinn geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu.
3. Þarfir fyrir sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þar með talið þátttöku í tómstundum og menningarlífi.
4. Þarfir barna fyrir umönnun, þjálfun og nauðsynlega þjónustu við fjölskyldur þeirra, svo þau búi við örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
5. Þarfir foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.

Á árinu voru tveir einstaklingar með NPA-samning og tveir einstaklingar með beingreiðslusamning.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Í 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er réttur fatlaðs fólks til akstursþjónustu skilgreindur. Markmið akstursþjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og taka þátt í tómstundastarfi. Lögð er áhersla á að styðja fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sem sjálfstæðasts lífs hverju sinni.

Búseta og hæfing


Á þjónustusvæðinu starfa tveir sjálfstæðir rekstraraðilar sem reka heimili fyrir fatlað fólk.

- Á Sólheimum í Grímsnesi eru 45 einstaklingar í búsetu.
- Í Skaftholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru 5 einstaklingar í búsetu.

Á báðum stöðum er veitt altæk þjónusta, þ.e. búseta, atvinna/hæfing og tómstundir.

Á Viss vinnu- og hæfingarstöð á Flúðum starfa 6 einstaklingar með skerta starfsgetu sem njóta hæfingar og vinnu.

Í lok árs 2024 voru 84 einstaklingar með skilgreinda fötlun á þjónustusvæðinu, þar af 73 fullorðnir og 24 börn. Ekki eru allir þessara einstaklinga með virka þjónustu, en meirihlutinn nýtur einhvers forms stuðnings. Mynd 5 sýnir skiptingu milli fullorðinna einstaklinga og barna.



Mynd 5. Fjöldi fatlaðs fólks, börn og fullorðnir.

Barnaverndarþjónusta

Sveitarfélögin bera ríkar skyldur til að gæta hagsmuna barna og ungmenna samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Þær fela m.a. í sér að hafa eftirlit með aðbúnaði barna og bregðast við ef aðstæður þeirra eru óviðunandi. Starfsmenn barnaverndarþjónustu vinna að málefnum barna og ungmenna samkvæmt barnaverndarlögum og í umboði fagnefndar

Árnesþings. Markmið barnaverndarlaga er að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. Leitast er við að ná þessum markmiðum með því að styðja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Við meðferð mála er lögð áhersla á samstarf við foreldra og börn, og að mál séu unnin í samvinnu við aðra fagaðila þegar það á við. Flest barnaverndarmál eru leyst í samvinnu við foreldra og börn, þar sem lögð er áhersla á sameiginlegar lausnir og stuðning.

Tilkynningarskylda

Tilkynningarskylda er grundvallarþáttur barnaverndarstarfs. Samkvæmt 16.–18. gr. barnaverndarlaga er öllum skylt að tilkynna ef grunur vaknar um að barn búi við óviðunandi aðstæður, verði fyrir ofbeldi eða áreitni, eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Sérstaklega er kveðið á um tilkynningarskyldu þeirra sem starfa með börnum, og hún gengur framur þagnarskyldu. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings hefur aðgengilegan tilkynningarhnapp á heimasíðu sinni. Utan skrifstofutíma er hægt að tilkynna í gegnum 112, sem annaðhvort tengir við bakvakt barnaverndar eða tekur við upplýsingum og kemur þeim áfram.

Málsmeðferð

Þegar tilkynning berst metur starfsfólk hvort hefja skuli könnun máls. Foreldrum er tilkynnt um móttöku tilkynningar og næstu skref, og tilkynnanda er sent staðfestingarbréf. Í könnun er lögð áhersla á að skoða aðstæður og líðan barns, og að barn fái að tjá sig í samræmi við aldur og þroska. Ef í ljós kemur að þörf sé á úrbótum er unnin meðferðaráætlun í samvinnu við foreldra og barn. Megináhersla er á að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og beita viðeigandi stuðningsúrræðum. Ef árangur næst ekki eða samvinna tekst ekki, getur þurft að beita þvingunarúrræðum og leggja mál fyrir umdæmisráð sem úrskurðar í málinu.

Umdæmisráð

Umdæmisráð tók til starfa í byrjun árs 2023, þetta eru stjórnarsýslunefndir sem fara með úrskurðarvald í ákveðnum barnaverndarmálum á vettvangi sveitarfélaga. Umdæmisráðin eru skipuð til fimm ára, eru sjálfstæð í störfum sínum, standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga og ráðsmenn taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála. Umdæmisráð eru skipuð þremur ráðsmönnum sem hafa ákveðna fagþekkingu, þ.e. félagsráðgjafa, sálfræðingi og lögfræðingi, og skulu þeir hafa í það minnsta þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þvingunarúrræði eru þau mál sem ekki hefur náðst að vinna í samvinnu, eru dæmi um mál sem fara fyrir umdæmisráð skv. Lögum nr. 80/2002 t.d. ef þarf að fjarlægja barn af heimili, úrskurða um umgengni barns í fóstri við foreldra og höfða mál fyrir dómstólum. Eitt mál vegna tveggja barna fór fyrir umdæmisráð á árinu 2024.


Tilkynningar

Mál telst barnaverndarmál þegar tekin er ákvörðun um að hefja könnun samkvæmt 5. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga, vegna vanrækslu, ofbeldis gegn barni eða áhættuhegðunar barns. Á árinu 2024 bárust alls 66 tilkynningar til barnaverndarþjónustu í umdæmi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings vegna 44 barna, þar af 21 dreng og 23 stúlkna. Þetta er svipaður fjöldi og verið hefur undanfarin ár. Á mynd 6 má sjá þróun tilkynninga síðustu fimm ár.



Mynd 6: Fjöldi tilkynninga til barnaverndar á árunum 2020 – 2024

Ef fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir kyni má sjá að kynjaskiptingin er frekar jöfn milli ára. Á árinu 2024 bárust 26 tilkynningar vegna drengja og 40 vegna stúlkna, sjá mynd 7.



Mynd 7: Fjöldi tilkynninga eftir kyni samanburður á milli ára, 2023-2024

Flestar tilkynningar eru vegna vanrækslu eða 33, tilkynningar vegna ofbeldis voru 19 og vegna áhættuhegðunar barna 14 tilfelli. Flestar tilkynningar komu frá grunnskólum (20) og næstflestar frá lögreglu (11). Í töflu 3 má sjá hverjir tilkynntu til barnaverndar.

Tilkynnendur	2021	2022	2023	2024
Skóla-fræðslufirvöld	14	16	16	20
Lögregla	10	15	11	11
Ættingjar aðrir en foreldrar	8	2	9	2
Foreldri/ar barns	3	2	7	3
Heilbrigðisyrirvöld	5	1	6	7
*Aðrir í nærumhverfi barns		9	4	16
*Iþróttá- og tómstundastarf		1	0	0
Félagsþjónusta/önnur barnavernd	8	1	2	2
Nágrannar	4	9	2	0
Leikskóli	7	2	1	3
Aðrir	8	4	7	2
Samtals tilkynningar	67	62	65	66

*Tafla 3: Yfirlit yfir tilkynnendur á árunum 2021– 2023,
Þessir tveir flokkar tilkynnenda koma fyrst inn árið 2022

Könnun mála og áætlanir

Mál telst barnaverndarmál þegar ákvörðun er tekin um að hefja könnun samkvæmt 5. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Á árinu 2024 bárust 66 tilkynningar sem tengdust 44 börnum. Ákveðið var að hefja könnun í 31 tilfalli (14 drengir og 17 stúlkur). Við könnunina var rætt við 22 börn. Könnun máls lýkur með greinargerð sem lögð er fyrir meðferðarfund barnaverndar og tekin er ákvörðun um hvort þörf sé á því að vinna að málinu áfram, hvort ástæða sé til að veita stuðning skv. Barnaverndarlögum. Að lokinni könnun var tekin ákvörðun um að ekki væri talin þörf á frekari stuðningi vegna 15 barna.

Fóstur- og vistunarmál

Barnavernd getur falið fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjú mánuði. Fósturráðstafanir skiptast í þrjú flokka:

- Tímabundið fóstur: Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi hæfni foreldra. Skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum.
- Varanlegt fóstur: Barn fer í varanlegt fóstur þegar aðstæður þess eru ekki væntanlega bætтар, og ráðstöfunin varir þar til forsjárskyldur falla niður við 18 ára aldur barnsins.
- Styrkt fóstur: Á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að etja og þarf sérstakan stuðning.

Í árslok 2024 voru þrjú börn í vistun hjá barnaverndarþjónustu Árneshöfna, öll í tímabundinni vistun.

Meginregla barnaverndarlaga er sú að viðhafa skuli ákveðna málsmeðferð áður en gripið er til þvingunarúrreæða, svo sem að leiðbeina aðilum, kynna þeim gögn og gefa þeim kost á að tjá sig. Ef ljóst þykir að barni stafi hættu af því að fara þessa leið er hægt að grípa strax til ráðstöfunar sbr. 31. gr. barnaverndarlaga.

Bakvaktir

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshöfna, Hveragerði og Ölfus starfar með sameiginlega bakvakt barnaverndar utan hefðbundins skrifstofutíma. Þegar erindi berst metur starfsmaður bakvaktarinnar hvort tafarlaus aðstoð sé nauðsynleg eða hvort málið geti beðið til næsta vinnudags, með það að markmiði að tryggja öryggi barnsins á faglegan og ábyrgan hátt.

Á árinu 2024 bárust 41 símtal til bakvaktar barnaverndar, farið í 14 útköll þeim tengt. Af þessum símtölum voru 13 sem tengdust starfssvæði SVÁ og farið var í 3 útköll vegna þeirra.

Öldungaráð

Samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, skal sveitarstjórn skipa öldungaráð að loknum sveitarstjórnarkosningum. Ráðinu er ætlað að vera formlegur samráðsvettvangur um málefni og þjónustu við aldraða og stuðla að þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins.

Í öldungaráði skulu eiga sæti að lágmarki þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn, þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara og einn fulltrúi frá heilsugæslunni.

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög hafa með sér samstarf um öldrunarþjónustu, skulu þau koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.

Öldungaráð SVÁ skipa:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, fulltrúi Grímsnes-og Grafningshreppi, formaður

Þröstur Jónsson fulltrúi Hrunamannahreppi, varaformaður

Stefanía Hákonardóttir, fulltrúi Bláskógabyggðar

Halla Kjartansdóttir, fulltrúi Flóahrepps

Lilja Össurardóttir, fulltrúi Skeiða-og Gnúpverjahreppi

Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi

Elinborg Sigurðardóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð,

Bergljót Þorsteinsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi -

Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási

Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árneshöfna, starfsmaður ráðsins

Öldungaráð fundaði 3svar á árinu 2024

Öruggara Suðurland

Deildarstjóri velferðarþjónustu situr í framkvæmdateymi í Öruggara Suðurlands. Markmiðið með verkefninu er að stofnanir og kerfi ríkis og sveitarfélaga vinni saman að því að tryggja og þróa grundvöll fyrir afbrotavarnir með sameiginlegum áherslum. Efla samvinnu við úrlausn mála m.a. samkvæmt farsældarlögum og að vinna tölfræði sem miðuð er við sameiginlegar skilgreiningar samstarfsaðila. Teymið fundar að meðaltali 2x í mánuði.

Skólaþjónusta Árneshvíks skólaárið 2024 - 2025

Skólaþjónustan starfar á grundvelli [reglugerðar nr. 444/2019](#) um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum og skv. [lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#) og [lögum um leikskóla nr.90/2008](#). Starfsemi skólaþjónustu tekur annars vegar til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Samkvæmt reglugerð er markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólustarfi. Skólaþjónusta skal beinast að því að efla skóla sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólustarfi og veita starfsfólki skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Við framkvæmd skólaþjónustu skal samkvæmt reglugerð lögð áhersla á:

1. Forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,
2. Snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar,
3. Að skólaþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna,
4. Að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra,
5. Stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu,
6. Viðeigandi túlkun þjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum,
7. Góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu og heildarsýn í skólustarfi að leiðarljósi.

Markmið skólaþjónustu Árneshvíks

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik-, grunn- og framhaldsskóla í Árneshvíki og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna, stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólustarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Sérfræðiþjónusta


Hjá skólaþjónustu Árneshvíks starfar þverfaglegur hópur sérfræðinga sem vinnur að markmiðum og framkvæmd skólaþjónustu. Hér á eftir verða hlutverk þeirra og verkefni nánar skilgreind ásamt tölulegum upplýsingum.

Kennsluráðgjöf

Hlutverk kennsluráðgjafa er að veita skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skóla ráðgjöf, stuðning og handleiðslu til að finna leiðir sem mæta þörfum nemenda.

Með kennsluráðgjöf er veitt snemmtækt mat á stöðu nemenda með ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og/eða sálræns vanda með það að markmiði að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar.

Hjá skólaláðgjöf starfar einn kennsluráðgjafi og sinnir hann ráðgjöf og stuðning við bæði leik- og grunnskóla. Verkefni kennsluráðgjafa eru fjölbreytt og taka mið af þörfum hverju sinni. Skólaárið 2024 – 2025 fór hlutfallslega mestur tími kennsluráðgjafa í ráðgjöf og áhorf á vettvangi, í málefnum einstakra nemenda eða nemendahópa, sem og þátttöku í nemendateymum þar sem unnið er þverfaglega að þarfagreiningu og úrræðum í málum einstakra nemenda með þátttöku forráðamanna, sjá mynd 8.



Mynd 8: Ráðgjöf í leik- og grunnskólum


Kennsluráðgjafi vinnur náið með deildarstjórum stoðþjónustu skólanna við lausnaleyti í málum nemenda með fjölþættan vanda. Auk þess hefur kennsluráðgjafi tekið þátt í starfi lausnateymis í nokkrum grunnskólum þar sem markmiðið er að þróa verklag sem styður starfsfólk skóla við að finna úrræði og lausnir til að mæta áskorunum í skólastarfinu og vinna markvisst að áherslum farsældarlaganna um að flest mál séu unnin á 1. stigi á vettvangi skólanna. Kennsluráðgjafi hefur auk þess tekið þátt í vinnu við þróunar- og samstarfsverkefni, þróun úrræða og vinnu við innleiðingu farsældar.

Sálfræðiþjónusta

Hlutverk sálfræðings er að athuga og greina vanda nemenda sem ná ekki að nýta hæfileika sína í námi og starfi og eiga í námslegum, sálrænum og/eða félagslegum erfiðleikum.

Sálfræðingur leggur fyrir viðeigandi matslista og greinir stöðu nemanda og skilar niðurstöðu til forráðamanna og skóla. Sálfræðingur sendir niðurstöður greininga áfram á viðeigandi aðila til að barn fái fullnaðargreiningu þegar þess gerist þörf.

Skólaárið 2024 – 2025 var ekki starfandi sálfræðingur í fastri stöðu hjá SVÁ til að sinna sálfræðilegum greinungum og mati á stöðu og líðan barna. Sálfræðingur sem verið hefur verktaki hjá SVÁ hefur áfram sinnt þessum verkefnum. Við lok skólaárs höfðu sálfræðingar skilað niðurstöðu úr 46 greiningum og 30 börn voru á biðlista, sjá mynd 9.




Mynd 9: Tilvísanir til sálfræðings

Þjónusta talmeinafræðings

Hlutverk talmeinafræðings er að annast athuganir og greiningar á tal- og málþroska nemenda. Ef um staðfest frávik er að ræða veitir talmeinafræðingur ráðgjöf, meðferð og þjálfun eftir því sem við á og við verður komið.

Hjá SVÁ eru starfandi tveir talmeinafræðingar í 60% stöðu hvor. Annar þeirra var í fæðingarorlofi fyrri hluta skólaársins. Við lok skólaárs lágu fyrir niðurstöður úr málþroskamati hjá 37 börnum og 10 börn voru á biðlista, sjá mynd 10.



Mynd 10: Tilvísanir til talmeinafræðings

Á vorönn 2025 var fyrirkomulagi vinnu talmeinafræðinga breytt með þeim hætti að í stað þess að viðvera í skólum ákvarðist út frá tilvísunum sem berast er viðvera talmeinafræðinga skipulögð í lotum yfir skólaárið. Þannig skapast aukið rými fyrir stuðning og ráðgjöf við kennara og stoðþjónustu skóla samhliða greiningarvinnu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og fengið jákvæð viðbrögð frá starfsmönnum skólanna. Næsta skólaár verður þetta verklag þróað enn frekar með það að markmiði að efla og styrkja markvissa málörvun barna sem glíma við málþroskavanda

Uppeldis- og foreldraráðgjöf

Eitt af verkefnum skólaþjónustu er að styðja við foreldra með ráðgjöf og fræðslu. Foreldrar geta fengið samtal við uppeldisráðgjafa um þætti er snúa að uppeldi, skólagöngu og öðrum þáttum í lífi barna og fjölskyldna þeirra. Markmið foreldraráðgjafar er að veita foreldrum viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf um uppeldi, efla foreldra í uppeldisaðferðum og fá foreldra til að ígrunda foreldrahlutverkið.

Þegar um er að ræða vanda hjá börnum sem hindrar þau í að ná árangri í námi er oftast en ekki einnig um að ræða vanda heima fyrir varðandi líðan og hegðun. Foreldrum stendur til boða ráðgjöf og stuðningur í því verkefni og óskuðu 8 foreldrar eftir þeim stuðningi. Fjöldi viðtala hjá hverju foreldri var mismunandi allt frá einu upp í 7 viðtöl, samanlagður fjöldi viðtala var 21. Til að efla enn frekar samvinnu heimilis og skóla og stuðla að því að unnið sé með sömu áherslur er ráðgjöf við foreldra mikilvægur þáttur.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundin þjónusta í grunnskólum. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Hann vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmis konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.

Náms- og starfsráðgjafi er með fasta viðveru í grunnskólum á svæðinu og má nálgast upplýsingar í viðkomandi skóla hvaða daga vikunnar hann er á hverjum stað. . Tími náms- og starfsráðgjafa skiptist hlutfallslega milli skólanna eftir nemendafjölda og er hann í ½ til heilan dag á hverjum stað og miðar við það að vera einu sinni í viku í hverjum skóla.

Náms- og starfsráðgjafi hefur starfað hjá SVÁ frá því árið 2016 og sinnt náms- og starfsráðgjöf í öllum sex grunnskólum á svæðinu. Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum persónulega ráðgjöf tengt námi og líðan. Einnig hefur hann umsjón með starfskynningum og náms- og starfsfræðslu í samvinnu við kennara á unglingastigi. Náms- og starfsráðgjafi aðstoðar nemendur í 10. bekk við að greina áhuga sinn vaðandi náms- og starfsval og kynnir fyrir þeim mögulegar námsleiðir í framhaldsskóla. Náms- og starfsráðgjafi skal sitja í nemendaverndarráði grunnskóla samkvæmt reglugerð. Náms- og starfsráðgjafi er talsmaður nemenda og er mikilvægt að tryggja að öll börn eigi greiðan aðgang að þjónustu hans.

Forvarnarteymi grunnskólanna

Forvarnarteymi grunnskólanna hefur verið innleitt í alla grunnskóla Árnesþings skv. Þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þingsályktunin felur í sér fyrstu heildstæðu stefnuna um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á Íslandi. Áhersla er á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur það hlutverk að fylgja eftir aðgerðaáætlun og styður við skólaskrifstofur sveitarfélaganna við miðlun fræðslu og forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti.

Haustið 2023 var stofnað sameiginlegt forvarnarteymi fyrir grunnskóla í Árnesþingi sem skipað er sex fulltrúum, tveimur frá hverjum skóla. Í teyminu eigi sæti fulltrúar stjórnenda, stoðþjónustu og kennara. Auk þess eru skólahjúkrunarfræðingur og náms- og starfsráðgjafi í teyminu. Deildarstjóri skólaþjónustu er formaður teymisins og kennsluráðgjafi sér um ritun fundargerða. Tengiliðir forvarnarteymis sem boðaðir eru á fundi eftir þörfum eru fulltrúar frá velferðarþjónustu, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Markmið teymisins er að:

- Tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda
- Vera starfsfólki skóla til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni og sjá um að tryggja viðeigandi þekkingu og þjálfun starfsfólks
- Tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks þegar / ef barn greinir frá ofbeldi og áreitni
- Tryggja forvarnir sem markvissan þátt í skólastefnu sveitarfélaga á þjónustusvæði SVÁ

Forvarnarteymið vinnur að sameiginlegri forvarnaráætlun fyrir grunnskólana á svæðinu auk þess sem allir starfsmenn leik- og grunnskóla hafa tekið rafrænt námskeið um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglunga sem vistað er á fræðslutorgi Barna- og fjölskyldustofu (www.bofs.is). Forvarnarteymið vinnur að innleiðingu viðbragðsáætlunar og kynna fræðsluefni sem unnið hefur verið og birt er á vefnum Stopp ofbeldi (<https://stoppofbeldi.namsefni.is>).

Þróunarverkefni

Mikil áhersla hefur verið lögð á það innan sskólaþjónustunnar að fylgjast vel með þróun og nýjungum á sviði fræðslu og menntamála til að skoða allar mögulegar æiðir til að efla úrræði og stuðla að þróun í starfsemi og starfsháttum leik- og grunnskóla í Árnesþingi. Starfsmenn skólaþjónustu hafa fylgst vel með verkefnum sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur verið með í þróun og skipulagt kynningar á þeim fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla má þar sem dæmi nefna MEMM – menntun, móttaka, menning, snemmtæk íhlutun og matsferill.

Snemmtæk íhlutun – mál og læsi

Skólaárið 2024 – 2025 tóku allir leikskólar á þjónustusvæði SVÁ ásamt fulltrúum skólaþjónustu þátt í þróunarverkefninu Snemm tækíhlutun – mál og læsi sem leitt er af sérfræðingum frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Markmið verkefnisins var að skapa þekkingu innan leikskólanna, samræma verkferla og útbúa handbók um snemmtæka íhlutun í mál og læsi. Handbókin er leiðarvísir fyrir allt starfsfólk leikskólanna, foreldra og samstarfsaðila þar sem lýst hvernig málörvun og læsi er fléttað inn í allt daglegt starf á leikskóla. Hver leikskóli vinnur að sinni handbók þar sem markmiðið er að séreinkenni og áherslur í starfi koma fram. Áætlað er að verkefninu ljúki í nóvember 2025.

Valdeflandi menntun.

Skólaþjónustan fékk styrk upp á rúmar tvær milljónir frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til að þýða og staðfæra námsefni sem nýtist í kennslu í lífsleikni á miðstigi. Námeðnið var prufukeyrt að hluta í tveimur grunnskólum, Reykholtsskóla og Flóaskóla, skólaárið 2024 – 2025. Markmiði er að fylgja þessu verkefni eftir og kynna efnið fyrir fleiri skólum í Árnesþingi auk þess að kynna verkefnið á landsvísu.

Föruneyti barna – foreldrafræðsla.

Deildarstjóri skólaþjónustu og kennsluráðgjafi voru þátttakendur í undirbúningshóp fyrir samstarfsverkefni mennta- og barnamálaráðuneytisins og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um foreldrafræðslu skólaárið 2023 – 2024. Deildarstjóri og kennsluráðgjafi sóttu námskeið fyrir leiðbeinendur í ágúst 2024 og auglýstu í framhaldi af því námskeið fyrir foreldra barna í 1. bekk. Ekki náðist í lágmarksfjölda þátttakenda til að námskeiðið yrði að veruleika. Þrátt fyrir það hafa fulltrúar skólaþjónustu verið þátttakendur í lærdómssamfélagi verkefnisins og fylgst með þróun þess. Nokkrar breytingar hafa orðið á útfærslu og framkvæmd verkefnisins innan sveitarfélaga og mun skólaþjónustan skoða það með skólastjórnendum á hvern hátt best er að vinna þessu verkefni brautargengi innan Árnesþings. Föruneyti barna er eitt af þeim verkefnum sem yfirvöld hafa lagt áherslu á til að styðja við farsæld barna.

Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi. Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) styður við samþættingu þjónustu með leiðbeiningum og stuðningsefni fyrir þá sem þjónustua börn og foreldra, auk upplýsinga til barna og foreldra þeirra.

Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, skóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa tengiliður og málstjóri félagsþjónustu samráð um hvar mál er unnið til þess að tryggja að farsæld barns og fjölskyldu þess.

Þjónustuveitendur sem vinna með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leik- grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttá, tómstunda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna og skilgreinda ábyrgð með tilkomu farsældalaganna sem felur í sér að meta aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á.

Forsenda þess að mál sé samþætt er að foreldrar eða barn óski eftir því. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækji sjálfir þjónustu fyrir börn sín. Markmiðið með farsældarlögunum er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf. Tilgangur löggjafarinnar er að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa og séu ekki send á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Börn eiga rétt á að segja sína skoðun um þau málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og þjónustuveitendum ber að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Innleiðing farsældarlaga á þjónustusvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíðar hófst formlega 1. ágúst 2022 með ráðningu í stöðu verkefnastjóra farsældarteymis til eins árs. Verkefnastjóri lét af störfum 1. desember 2022. Þær breytingar sem urðu hjá SVÁ árið 2023 hafði þau áhrif að rof varð í ferli innleiðingar. Tekin var ákvörðun að ekki yrði ráðið í stöðu verkefnastjóra farsældar og deildarstjórur falið að gegna hlutverki innleiðingarstjóra.

Tilnefndir hafa verið tengiliðir í öllum leik- og grunnskólum á þjónustusvæðinu sem og málstjóri hjá velferðarþjónustu. Einnig var tilnefndur tengiliður velferðarþjónustu fyrir börn 16 – 18 ára sem ekki stunda nám í framhaldsskóla. Innleiðingarstjórar sátu reglulega fundi með innleiðingarteymi Barna- og fjölskyldustofu þar sem farið var yfir áherslur í innleiðingu laganna á landsvísi og þau verkefni sem teymið vinnur að. Handbók farsældar var gefin út af BOFS haustið 2024. Hún inniheldur gangleg ráð við innleiðingu ásamt leiðbeiningum, fræðsluefni og öðru stuðningsefni sem BOFS hefur gefið út í tengslum við farsældarlögin. Handbókin nýtist bæði þeim sem bera ábyrgð á innleiðingu farsældalaganna hjá sveitarfélögum og öðrum sem hafa hlutverki að gegna samkvæmt lögunum.

Innleiðingarstjórar unnu að samræmdu verklagi innan svæðis með það að markmiði að efla grunnþjónustu og snemmtæka íhlutun í þágu farsældar barna. Innleiðingarstjórar ásamt

starfsmönnum SVÁ sem koma að málefnum barna unnu að gerð úrræðalista. Tilgangur úrræðalista er að tengiliðir hafi heildaryfirsýn yfir þau úrræði sem börnum og foreldrum hafa aðgang að í annars vegar í sínu nærumhverfi og á höfuðborgarsvæðinu. Úrræðalistar hafa verið birtir á heimasíðu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Hafa ber í huga að úrræðalistar eru í stöðugri endurskoðun til að tryggja sem bestar upplýsingar hverju sinni.

Verkferill um samþættingu þjónustu er sem hér segir:

- 1) Tengiliður er fyrsti aðilinn í þjónustunni, þangað leita foreldrar og eftir atvikum börn. Einnig starfsmenn skóla, s.s. umsjónarkennarar, skólastjórar eða sérkennslustjórar.
- 2) Tengiliður aflar samþykkis foreldra fyrir samþættingu og útskýrir hvað í henni felst á þar til gerðu eyðublaði.
- 3) Tengiliður vinnur frummat á þjónustupörf barns í samráði við foreldra. Niðurstaða þess skilgreinir hvort málið sé unnið á 1. stigi og tengiliður ber ábyrgð á því. Tengiliður stofnar teymi og ber ábyrgð á stuðningsáætlun.
- 4) Ef niðurstaða frummats bendir til þess að þjónustupörf barns sé á 2. eða 3. stigi hefur tengiliður samráð við málstjóra hjá velferðarþjónustu um næstu skref.
- 5) Ef þjónustupörf er skilgreind á 2. eða 3. stigi tekur málstjóri við stjórn málsins, veitir frekari upplýsingar og ráðgjöf og ber ábyrgð á stuðningsáætlun.
- 6) Tengiliður tekur þátt í stuðningsteymi á 2. eða 3. stigi ef við á.

Innleiðingartímabil farsældarlaga er áætlað 3-5 ár. Ferlið getur haft í för með sér nokkrar kerfisbreytingar sem taka sinn tíma. Innleiðingarstjórar SVÁ vinna áfram að innleiðingu farsældarlaganna í nánú samstarfi við ráðgjafa hjá BOFS ásamt tengiliðum leik- og grunnskóla á svæðinu og öðrum þjónustuveitendum.